

Minjaráð Vesturlands
fundur 8. október 2025 kl. 10:00
Staðfundur í Stykkishólmi

Mætt: Magnús A. Sigurðsson form., Sigursteinn Sigurðsson, Valdís Einarsdóttir, Hjördís Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag funda minjaráðs.
2. Sameiginlegur fundur allra minjaráða – upplifun og ábendingar.
3. Innviðaverkefni – verkefni á döfinni og framtíð.
4. Önnur mál.

Magnús setti fund kl. 10:00 og byrjar á því að bjóða alla velkomna. Magnús A. Sigurðsson ritar fundargerð. Gengið var svo til dagskrár.

1. Fyrirkomulag funda minjaráðs

Magnús byrjaði á að kynna hverjir eiga sæti í minjaráði. Að því loknu var farið yfir fyrirkomulag funda. Ráðið var sammála um að geta tekið flesta fundi sem staðfundi. Lagt var til að halda tvo staðfundi, einn að vori og einn á hausti. Síðan yrði sameiginlegur fundur minjaráða haldin einhverntíma að vetri. Bent var á að fyrir utan þessa tvo staðfundi yrði alltaf hægt að boða til fjarfundar ef þess yrði þörf. Lagt var til að staðfundir yrðu haldnir á mismunandi stöðum til að kynna svæðið betur fyrir minjaráðið.

2. Sameiginlegur fundur allra minjaráða – upplifun og ábendingar

Haldin var sameiginlegur fundur allra minjaráða í febrúar en stefnt er að því að sameiginlegur fundur allra minjaráða verði með þessum hætti í framtíðinni.

3. Innviðaverkefni – verkefni á döfinni og framtíð

Magnús kynnti þau verkefni sem Minjastofnun er með á sínu borði vegna styrkja úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Magnús benti á að oft hefur hann þurft að tilnefna verkefni með mjög skömmum fyrirvara. Hann bað minjaráðsfulltrúa um að leggja höfuðið í bleyti varðandi staði sem hægt væri að sækja um í Landsáætlun. Minjaráðsfulltrúar þurfi að horfa í kringum sig eftir stöðum sem þarf að bæta varðandi aðgang, upplýsingar og viðhald.

4. Önnur mál!

Rætt um að bæta við í reglur Uppbyggingarsjóðs Vesturlands að ef eiga á við minjar þá þurfi samþykki Minjavarðar Vesturlands að leggja fyrir. Sigursteinn ætlar að leggja til fyrir stjórn sjóðsins.

Töluvert um áhugaverða staði sem hægt væri að sækja um í Innviðaverkefni en skortur á skráningu er vandamál. Minjaráð þurfi að beita sér fyrir aukinni skráningu.

Útilistaverk að verða meira vandamál vegna viðhalds, þarf að ákvarða hvar þau eiga heima, þau eru minjar en ekki fornminjar.

Hugmynd kom fram milli Valdísar og Sigursteins að koma upp neti útvarða sem gætu tekið að sér leiðsögn í sínu nánasta nærumhverfi.

Að lokum kynnti minjavörður Innviðaverkefni í Búðarnesi og Hjallatanga í Stykkishólmi.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 12:30.